

Ofeldi er málefni alls samfélagsins

Setningarræða Sigurbjörns Sveinssonar formanns á aðalfundi Læknafélags Íslands í Nesi við Seltjörn 1. október síðastliðinn

RÁÐHERRA, landlæknir, aðrir virðulegir gestir og góðir félagar. Verið öll hjartanlega velkomin til setningar þessa aðalfundar Læknafélags Íslands. Það er vel við hæfi að læknafélagið haldi aðalfund sinn á þessum stað, þar sem fyrsta íslenska embættislækninum var sköpuð aðstaða til að rækja embætti sitt árið 1763. Í fyrri vorum við á Hólum þar sem hann bjó sig undir háskólanám í Kaupmannahöfn og nú erum við á þeim stað þar sem hann stundaði lækningar sínar, rak lyfjabúð samkvæmt konungsbréfi, tók til sín sjúklinga um lengri eða skemmri tíma ef svo bar undir og kenndi læknisefnum. Hér var því Landspítali – háskólasjúkrahús þeirra tíma enda var Bjarni Pálsson kjarkmikill læknir sem bryddaði upp á nýmælum við lækningar. Voru sumar aðferðir hans ekki á færi annarra lækna hér um langan aldur. Allar götur síðan hafa íslenskir læknar reynt að halda á loft merki hans með lækningum eftir kunnáttu sinni og fræðslu almenningi til handa um góða heilbrigðishætti.

Með þessum þræði er eðlilegt að víkja að þeirri viðleitni lækna að rækta heilbrigði þjóðarinnar með þekkingu á hollum lífsháttum og einföldustu grundvallaratriðum um skynsamlega heilsurækt. Vilmundur landlæknir sagði að þessi barátta væri engan veginn eins óbrotin í eðli og einföld í framkvæmd og hún virtist í fljótu bragði. Lægi það fremur í eðli okkar allra en fyrir skilningsskort og tómlæti heilbrigðisfyrivalda, fjárveitingavaldsins og lækna, að heilsuverndarstarfsemin væri víðast hvar hornreka rúmfrekra lækninga. Þó hefur nokkuð áunnist og dæmi síðari tíma sanna að heilsuræktarviðleitni lækna með þekkinguna að vopni miðar nokkuð á leið. Það eru nú rétt 20 ár síðan aðalfundur LÍ samþykkti á Ísafirði 1984 að þaðan í frá myndi ekki vera reykt á fundum eða öðrum samkomum félagsins. Þetta var tímamótasamþykkt á þeim tíma og þótti byltingarkennd og nokkuð langt gengið með henni af félagsins hálfu. Samt sem áður liðu ekki mörg ár þar til fyrsta löggjöfin leit dagsins ljós sem tók á reykingavörnum með alvarlegum takmörkunum á rétti fólks til að reykja hvar sem það lysti. Með því hófst nútímaleg barátta fyrir reykingavörnum og er ekki séð fyrir enda hennar. Dreigið hefur úr reykingum ákveðinna þjóðfélagshópa, sumir sjúkdómar sem reykingar eiga þátt í að þróa eru með vissu á undanhaldi. Umburðarlyndi við opinberum skordum við reykingum fer vaxandi. Nú hefur heilbrigðisráðherra boðað nýtt frumvarp um enn frekari takmarkanir við reykingum á almannaferi og veit ég

að þorri læknastéttarinnar fagnar þessari viðleitni ríkisstjórnarinnar og styður hana.

En það eru fleiri verkefni í þessum vínargði. Við setningu aðalfundar LÍ fyrir tveimur árum gerði ég að umtalsefni mikilvægi þess að ofeldi þjóðarinnar yrði gert að sérstöku viðfangsefni með samstilltu átaki allra þeirra sem málið kynni að snerta og gætu haft áhrif til umbóta. Í framhaldi þess var tillaga um fyrstu skref ásamt ítarlegum rökstuðningi lögð fyrir heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis. Var þar í öllu fylgt staðreyndum og grundvallarþekkingu um lýðheilsu, en ekki reynt að kveikja sérstakan áhuga á tilteknum sjúkdómum. Var erindi læknafélagsins vel tekið en umræðan greinilega ekki það þroskuð eða sá áhugi fyrir hendi að nefndin sæi ástæðu til að taka það upp á arma sína.

Það þýðir þó ekki að Læknafélag Íslands hafi lagt árar í bát. Verkefnið er brynna en svo. Og ekki rek- ið í þágu lækna heldur þjóðarinnar. Á dögnum kom til mín ungur maður á fertugsaldri, maður í blóma lífsins. Hann kom vegna brjóstþyngsla við áreynslu. Hann hafði haft hækkaðan blóðþrýsting um árabíl. Hann reyndist hafa hækkaðan blóðsykur og alltof mikið insúlín í blóði. Þetta kom heim og saman við þyngdina, því hann reyndist vera 125 kg, en aðeins rúmur meðalmaður að hæð. Öll vitum við hve bágar horfur eru á því að þessi maður lifi við góða heilsu fram á efri ár eins og alla unga menn dreymir um. Öll vitum við líka að verulegar líkur eru á því að þetta heilkenni hefði ekki komið fram ef hann hefði haldið eðlilegum holdum frá táningsaldri. Öll vitum við að enn hefði hann verulegt gagn af því að snúa við blaðinu og fresta síðkomnum sjúkdómum eða koma með öllu í veg fyrir þá án lyfjameðferðar. En best af öllu hefði verið að þessi staða hefði aldrei komið upp. Ég gæti nefnt mörg fleiri dæmi af þessu tagi úr mínum praxis og við þekkjum þetta öll alltof vel.

Til umræðu er á þessum aðalfundi tillaga um að þjóðin en ekki læknar taki að sér það verkefni að snúa hér málum til betri vegar. Læknafélag Íslands telur að um verkefni sé að ræða sem er samfélagslegt í eðli sínu, ekki málefni lækna, ekki málefni sjúklinga heldur málefni allra, málefni hinna heilbrigðu fyrst og fremst til að auka við heilbrigði sína. Og til þess að ná árangri þarf að útbreiða þekkingu. Ekki með bægslagangi yfir hverja vaðleysu og aðrar torfærur, eins og Vilmundur landlæknir orðaði það svo vel, heldur öruggri leiðsögn eftir fyrirfram könnuð-

um leiðum. Stjórn læknafélagsins vill leggja til að aðalfundurinn skori á Alþingi og ríkisstjórn að hafa forgöngu um aðgerðir til að auka heilbrigði Íslendinga með hollara mataræði og aukinni hreyfingu, að gerð verði áætlun í þessu skyni sem hafi heilsurækt til eflingar lýðheilsu á Íslandi að leiðarljósi. Höfð verði til hliðsjónar markmið-11 í gildandi heilbrigðisáætlun og markmið Manneldisráðs um mataræði og bætiefni, að mótuð verði stefna af hálfu ríkisstjórnarinnar sem fjallaði um:

- breyttar áherslur í verðlagsmálum neysluvara,
- almenningsfræðslu,
- breytta námsskrá leik- og grunnskóla,
- stuðning við menningartengda hreyfingu barna og unglunga auk keppnisþrótta,
- aukna áherslu á almenningsþróttir og aðstöðu almennings til útivistar og annarrar hreyfingar.

Haft yrði í huga að gera þetta að sjálfsögðu að spennandi og skemmtilegu verkefni fyrir þjóðina til að fást við og að það hefði þverpólitíska skírskotun. Sköpuð yrðu skilyrði fyrir þegnana til að velja skynsamlega í þessum efnun þannig að bágur efnahagur og skortur á fræðslu og upplýsingum hefði sem minnst áhrif á ákvarðanir til heilsuþátta.

Sérhver vegferð byrjar á fyrsta skrefinu. Þó einsemdin sé stundum tignuð í skáldlegum sýndarveruleika eða uppskrúfuðum hégóma sjálfstíðisáætlunnar er maðurinn í raun annarra manna. Til þess að hafa fullt gagn af lífinu þarf hann að lifa því með öðrum. Við erum hér öll saman í Nesi, heilbrigðisráðherra, landlæknir og fulltrúar læknastéttarinnar. Við tökum auðvitað tillit til þeirrar lífspeki sem Vilmundur land-



læknir benti á að góð heilbrigði verður aldrei annað né meira en dýrmætt tæki til að lifa lífinu. Og geri menn hana að upphafi, endimarki og inntaki lífs síns, hvað er þeim þá orðið úr lífinu sjálfu, spurði hann.

Það var skrifað fállega um Þorstein Egilsson. Og mestu var hampað að hann hefði verið hófsamur um flesta hluti. Við getum stutt þjóðina í að auka heilbrigði sína mitt í allsnægtum sínum – með hófi um þá hluti sem hún aflar fyrirhafnarlaust, matar og hreyfingarleysis. Og bent henni á að í því geti falist unaður að sínu leyti.

Aðalfundur Læknafélags Íslands er settur.

Frá fundarstörfum í Nesi. Arnór Víkingsson ræðir fræðslumálin en við háborðið sitja Jón Snædal sem lét af varaformennsku í LÍ eftir átta ára starf og við hlið hans Hulda Hjartardóttir sem er nýr varaformaður.

Stjórnarkjör LÍ

AÐ VANDA fór fram stjórnarkjör á aðalfundi en það átti sér þann aþdraganda að fyrir fundinum lá tillaga um breytingu á skipan stjórnar. Tillagan var á þá leið að stjórnin lagði til að formenn þriggja félaga lækna, Félags íslenskra heimilislækna, Sérfræðingafélags íslenskra lækna og Félags ungra lækna, ættu ekki lengur sæti í stjórn heldur yrði meðstjórnendum fækkað úr sex í fimm og þeir allir kjörnir á aðalfundi.

Allmiklar umræður urðu um þessa tillögu og sýndist mönnum sitt hvað. Einkum töldu fundarmenn brýnt að ungir læknar ættu öruggt sæti í stjórn LÍ. Niðurstaðan varð sú að meðstjórnendum var fækkað um einn, af þeim eru fjórir kosnir á aðalfundi en FUL tilnefnir áfram einn meðstjórnanda.

Að þessu loknu var gengið til stjórnarkjörs. Samkvæmt lögum félagsins átti að kjósa nýjan ritara og varaformann. Jón Snædal sem gegnt hefur

varaformennsku í félaginu í átta ár gaf ekki kost á sér til endurkjörs en í hans stað var Hulda Hjartardóttir kjörin varaformaður. Hulda hafði verið ritari en í hennar stað var kjörinn Ófeigur T. Þorgeirsson sem verið hafði meðstjórnandi. Ný inn í stjórn kom jafnframt Sigríður Ólína Haraldsdóttir lungnalæknir. Stjórn LÍ fyrir starfsárið 2004-2005 er því þannig skipuð:

Formaður: **Sigurbjörn Sveinsson**

Varaformaður: **Hulda Hjartardóttir**

Gjaldkeri: **Birna Jónsdóttir**

Ritari: **Ófeigur T. Þorgeirsson**

Meðstjórnendur: **Bjarni Þór Eyvindsson, Elínborg Bárðardóttir, Páll H. Möller, Sigríður Ó. Haraldsdóttir, Sigurður Einar Sigurðsson.**

Endurskoðandi: **Einar H. Jónmundsson**, til vara **Pengill Oddsson.**